

8. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 598/2000 um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 14. júlí 2005.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

---

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á skrá Vestmannaeyjabæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Samkvæmt eldri auglýsingu Vestmannaeyjabæjar, nr. 103/2005, frá síðastliðnum janúarmánuði, féllu 2,5 stöðugildi sjúkraliða á Hraunbúðum undir undanþáguskrá, skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986. Með þessari auglýsingu er áður auglýstri undanþáguskrá nú breytt á þann veg að ekkert stöðugildi sjúkraliða fellur þar undir.

Sá hluti eldri auglýsingarinnar frá síðastliðnum janúarmánuði er snýr að sjúkraliðum er þar með fallinn úr gildi.

*Vestmannaeyjum, 13. júlí 2005.*

**Viktor S. Pálsson**, framkvæmdastjóri stjórnssýslu- og fjármálasviðs.

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Miðengis, Farborgir, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Deiliskipulagið nær til 63 ha svæðis, 58 lóðir að stærð 5.400 til 12.100 fm.

Erindi þetta hefur fengið meðferð samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 15. júlí 2005.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.